


# Heimili



Áhugi, ábyrgð og áhrif foreldra á skólastarf, auk jákvæðra viðhorfa til náms og skólagöngu, getur skipt sköpum fyrir námsárangur og almenna velferð nemenda.

Rannsóknir sýna að þegar góð samskipti eru á milli foreldra og skóla þá hefur það jákvæð áhrif á allt skólastarf. Ávinningur slíks samstarfs skilar sér m.a. í betri líðan barna í skólanum, meiri áhuga og bættum námsárangri, auknu sjálfstrausti nemenda og betri ástundun. Þetta leiðir til jákvæðara viðhorfs foreldra og nemenda til skólans.

Með meira samstarfi foreldra sín á milli og skólans eykst samtakamáttur foreldra í uppeldishlutverkinu og enn frekar með sérstökum foreldrasáttmála, þar sem foreldrar sameinast um uppeldisleg gildi, sem er forvörn í sjálfu sér.

Foreldrar hafa ákveðinn rétt og skyldur til að koma að skólastarfinu.

Foreldrafélög eru lögbundin í grunnskólum, skv. 9. grein laga nr. 91 frá 2008, og með tilkomu skólaráða er foreldrum tryggð aðkoma að stjórnun skólans. Skólaráðin eru samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélagsins um skólahaldið og starfa þau samkvæmt 8. grein ofangreindra laga, auk þess sem gefin hefur verið út sérstök reglugerð, nr.1157/2008, um skólaráðin.

## Viðmið

- Heildræn stefna skólans um markmið og leiðir í foreldrasamstarfi kemur fram í skólanámskrá sem aðgengileg er öllum foreldrum

## Gátlisti

Gátlistinn nefnir atriði sem huga þarf að til að viðmið náist og stigagjöfin auðveldar skóla að sjá sína stöðu. Gátlistinn er ekki tæmandi og hver og einn skóli getur bætt við atriðum eftir þörfum og aðstæðum.

**Stigagjöf:** 1 = Að engu leyti    2 = Að hluta til    3 = Að fullu

**Forgangur:** 1 = Lítill eða enginn    2 = Miðlungs    3 = Mikill

Heimili	Stigagjöf			Forgangur		
	1	2	3	1	2	3
Handbók <i>Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra</i> er höfð til hliðsjónar við skipulagningu á samstarfi heimila og skóla og uppbyggingu foreldrasamfélagsins við skólann						
Við markvissa eflingu samstarfs skólans og heimila nemenda er m.a. stuðst við gögn frá <i>Heimili og skóla</i>						
Foreldrar taka virkan þátt í skólaráði skólans og þeim stendur til boða námskeið um starfið í skólaráði						
Skólaráðsfundir eru haldnir reglulega, t.d. einu sinni í mánuði, og fundargerðir birtar á heimasíðu skólans						
Bekkjarfulltrúanámskeið eru haldin á hverju hausti						
Við skólann er starfrækt foreldrafélag, sem vinnur samkvæmt lögum og ákveðnu skipulagi, eins og m.a. er lýst í <i>Handbók Heimilis og skóla</i>						
Skólinn stendur fyrir fræðslufundi á hverju hausti fyrir fulltrúa foreldra í stjórnnum og ráðum og bekkjarfulltrúum						
Skólinn og foreldrafélagið heldur nokkra viðburði á hverju skólaári sem nemendur, kennarar og foreldrar og aðrir aðstandendur taka þátt í og skemmta sér saman						
Skólinn hefur frumkvæði að fræðslu- og samráðsfundi á hverri önn fyrir foreldra ( <i>Órebro</i> - verkefnið)						

# Verkfærakistan

Á vefsíðunni [www.lydheilsustod.is/heilseflandiskoli/heimili](http://www.lydheilsustod.is/heilseflandiskoli/heimili) er skrá yfir efni og verkefni sem skólinn getur nýtt sér. Reglulega er bætt þar við nýju efni og ábendingar eru vel þegnar.

Meðal efnis er:

*Handbók Heimilis og skóla*

*Fræðsluefni fyrir foreldra um forvarnir (Örebro-verkefnið)*